

## HEIMAVIST MA OG VMA

Eyrarlandsvegur 28 • 600 Akureyri • sími 455-1600 •  
www.heimavist.is • [heimavist@heimavist.is](mailto:heimavist@heimavist.is) • Kt. 630107-0160



## Skýrsla fyrir skólaárið 2024-2025

## **Almennt**

Lundur rekur nemendagarða fyrir báða framhaldsskólana á Akureyri; annars vegar í byggingu Lundar frá 2003 og hins vegar í eldri byggingu sem áður hýsti Heimavist MA. Byggingarnar eru tengdar saman með björtu og rúmgóðu anddyri.

Lundur er sjálfseignarstofnun sem rekur nemendagarðana á grundvelli þjónustusamnings við menntamálaráðuneytið (nú Mennta- og barnamálaráðuneytið) frá desember 2001. Samningurinn kveður á um að Lundur tryggi íbúum nemendagarðanna frambærilegt húsnæði til búsetu, öruggar og heimilislegar aðstæður ásamt eftirliti með íbúunum auk viðunandi þvottþjónustu og fullnægjandi mötuneytisaðstöðu.

Með samningi við Mötuneyti MA felur Lundur mötuneyti MA að reka mötuneyti og þvottahús á nemendagörðunum samkvæmt þjónustusamningi Lundar við menntamálaráðuneytið (nú Mennta- og barnamálaráðuneytið). Lundur tók yfir rekstur þvottahússins í janúar 2025 og samningur við Mötuneyti MA rann út að fullu 31. maí 2025.

Á nemendagörðum Lundar er rými fyrir 333 íbúa og er þá miðað við að tvímennt sé í öll herbergi á nýju vist, í þrjú stærri herbergi á gömlu vistinni auk níu herbergja á svítum. Hefðbundnu herbergin á gömlu vistinni eru nýtt sem einstaklings herbergi á veturna.

## **Aðsókn**

Þegar lokað var fyrir umsóknir í byrjun júní var aðsóknin heldur meiri en árið á undan en engir biðlistar. Minni aðsókn undanfarin ár hefur gert það að verkum að hægt er að bjóða einstaklingum upp á að leigja sér tveggja manna herbergi með baði sem áður hefði ekki staðið til boða. Með þessu móti hefur verið hægt að ná nokkuð góðri nýtingu á húsnæðinu.

Ætlast hefur verið til að íbúar skuldbindi sig til að búa á Heimavistinni yfir skólaárið á meðan þeir halda eðlilegri námsframvindu, enda er góð nýting mikilvæg fjárhagsleg forsenda heimavistarinnar.

Nemendum sem hætta námi eða falla frá námi er þó unnt að segja upp húsaleigusamningi með stuttum fyrirvara.

Gengið er út frá því að ólöggráða nemendur beggja skóla hafi forgang svo og nemendur sem sækja sérnám sem ekki er að finna í þeirra heimabyggð eða nám sem er mikilvægt skólunum. Að þessu frátöldu er lausu rými úthlutað í venjulegu hlutfalli 2/3 MA og 1/3 VMA, þó þannig að skólameistarar og framkvæmdastjóri Lundar leysi sameiginlega úr vandamálum, ef upp koma.

## **Fjöldi íbúa**

Þegar heimavistin hóf starfsemi haustið 2024 voru flest öll herbergi nýtt en líkt og áður eiga þó nokkrar breytingar sér stað á þeirri íbúaskrá sem lagt er af stað með inn í skólaárið að hausti.

Ef miðað er við íbúafjölda 1. október 2024 þá voru alls 315 íbúar á heimavistinni eða 146 íbúar í MA , eða 46% og 169 íbúar í VMA, eða 54%. Ef horft er til ársins á undan er heildarfjöldinn 20 íbúum fleiri en á sama tíma árið 2023.

Kynjahlutfall allra íbúa er svipað og árinu áður eða 57% stúlkur og 43% piltar. Hlutfallið skiptist þannig á milli skólanna: Hjá íbúum VMA voru alls 41% stúlkur og 59% piltar samanborið við 37% stúlkur og 63% pilta árinu áður. Hjá MA íbúum voru stúlkur 75% og piltar 25% en árinu áður var hlutfallið 70% stúlkur og 30% piltar.

**Tafla 1 - Aldursdreifing íbúa í október 2024**

	Aldursdreifing allra íbúa	Aldursdreifing MA íbúa	Aldursdreifing VMA íbúa
Íbúar fæddir árið 2009	2%	3%	0%
Íbúar fæddir árið 2008	<b>34%</b>	34%	34%
Íbúar fæddir árið 2007	32%	<b>36%</b>	29%
Íbúar fæddir árið 2006	25%	27%	24%
Íbúar fæddir árið 2005	4%	0%	8%
Íbúar fæddir 2000-2004	3%	0%	6%
	100%	100%	100%

Tafla 1 sýnir aldursdreifingu íbúa haustið 2024 (miðað við 1. október). Ólögráða íbúar voru 74% allra íbúa sem skiptist þannig: 79% MA íbúa voru ólögráða og 69% VMA íbúa voru ólögráða. Hlutfall ólögráða er mjög svipað skólaárinu á undan.

### Systkini

Á hverju skólaári dvelja systkini á heimavistinni en þau fá sérstakan systkinaafslátt af húsaleigunni. Skólaárið 2024-2025 bjuggu alls 14 systkinapör (28 íbúar) á heimavistinni.

### Lögheimili nemenda

Íbúar sækja heimavistina víða að af landinu og eins erlendis frá eins og tafla 2 sýnir, en hún sýnir flokkun íbúa eftir lögheimili í október 2024:

**Tafla 2 - Skipting íbúa eftir skólum og lögheimili í október 2024**

	VMA íbúar	MA íbúar	Allir íbúar
Suðurland og suðvesturland	11%	15%	13%
Vesturland	12%	6%	9,5%
Vestfirðir	3%	5%	4%
Norðurland vestra	20%	18%	19%
Eyjafjörður (þ.m.t. Siglufjörður)	21%	<b>20%</b>	20,5%
Norðurland eystra utan Eyjafjarðar	11%	16%	13%
<b>Austurland</b>	<b>22%</b>	<b>20%</b>	<b>21%</b>
Erlendis	0%	0%	0%
	100%	100%	100%

Skólaárið 2024-2025 var álíka stór hluti íbúanna frá Eyjafirði (þ.m.t. Siglufirði) og frá Austurlandi en árinu áður voru þeir flestir frá Eyjafirði (þ.m.t. Siglufirði) og frá Norðurlandi vestra. Flestir VMA íbúar koma frá Austurlandi eða 22% en flestir MA íbúar koma frá Eyjafirði og Austurlandi.

### Heimili íbúa

Heimavist MA og VMA á að vera tryggt og öruggt heimili fyrir íbúana og er kappkostað að svo sé enda mikilvægt fyrir íbúa og foreldra/forráðamenn að haft sé eftirlit með hegðan og líðan íbúanna eins og kostur er. Lögð er áhersla líkt og áður á að íbúar temji sér góða umgengni á heimavistinni, umhirðu herbergja sinna, virði næðistíma og að öll meðferð áfengis og fíkniefna sé stranglega bönnuð og varði brottrekstur.

Reglum og eftirliti með hegðan og líðan íbúanna var skólaárið 2024-2025 líkt og undanfarin ár fylgt eftir með uppbyggilegum ábendingum og afskiptum eftir þörfum. Fundir með íbúum s.k. gangafundir voru í upphafi skólaársins og í byrjun vorannar en þar eru reglur heimavistarinnar m.a. áréttaðar. Gangafundir eru einnig mikilvægur vettvangur fyrir íbúa að hitta aðra íbúa, starfsmenn og einnig fulltrúa í heimavistarráði.

Hjúkrunarfræðingur er með viðveru í MA og VMA sem var samstarfsverkefni skólanna og Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN). Sú breyting varð á skólaárinu 2022-2023 að ekki var boðið upp á viðveru hjúkrunarfræðings á heimavistinni eins og verið hefur.

Haldin var rýmiæfing 19. september sem tókst með ágætum en mikilvægt er fyrir íbúa jafnt sem starfsmenn að æfa rýmingu á húsnaðinu ef á þarf að halda. Eftir rýmingu heimavistarinnar söfnuðust íbúar saman í Kvosinni í MA þar sem starfsmenn frá eldvarnareftirlitinu fóru yfir hvernig til hefði tekist og hvað þyrfti að bæta. Gert er ráð fyrir að íbúar safnist saman í Kvosinni ef til raunverulegrar rýmingar kemur.

### **Mötuneyti og þvottahús**

Í byrjun árs 2025 tók Lundur ses., rekstrarfélag yfir rekstur þvottahússins sem rekið er í húsakynnum heimavistar. Samningur um rekstur mötuneytis rann út í lok skólaársins eða 31. maí 2025.

### **Hagsmunamál íbúa**

Íbúar kjósa sér hagsmunaráð heimavistarinnar, öðru nafni Heimavistarráð. Heimavistarráð hefur starfað með framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum og unnið að framgangi sameiginlegra hagsmunamála íbúanna. Þá hefur Heimavistarráð séð um og skipulagt félagsstarf og unnið að undirbúningi viðburða á heimavistinni.

Á skólaárinu 2024-2025 stóð heimavistarráð fyrir ýmsum viðburðum sem voru vel sóttir af íbúum. Haldin voru spila- og kahootkvöld, bílafeluleikur, staðið fyrir jólaföndri og piparkökumálun auk jólahlaðborðs í samvinnu við Mötuneytið. Þá stóð heimavistarráð fyrir því að skreyta í tilefni af hrekkjavöku og fyrir páskafrí var haldið veglegt páskabingó.

### **Agamál**

Í samstarfi við skólameistara hefur Lundur mótað skýrar vinnureglur um meðferð og afleiðingar áfengisbrota á heimavistinni. Viðurlög við áfengisbrotum fara eftir eðli brotanna en drykkja íbúa inn á heimavist getur varðað riftun á húsaleigusamningi. Þá hafa einnig verið mótaðar vinnureglur um meðferð og afleiðingar vímuefnanotkunar sem eru með alvarlegri brotum á agareglum heimavistarinnar.

Á skólaárinu voru þrettán íbúar áminntir vegna áfengisbrota og þurftu að dvelja utan vistar um helgar í lágmark 6-8 vikur eða út önnina. Einum aðila var sagt upp búsetu vegna brota á reglum. Á skólaárinu koma ýmis atvik upp og hvert og eitt þeirra er leyst jafnóðum af þjónustustjóra og framkvæmdastjóra ef þörf þykir.

## **Skipulags- og rekstrarmál.**

Á haustönn skólaársins 2024-2025 störfuðu tíu starfsmenn á heimavistinni. Fyrir utan framkvæmdastjóra og þjónustustjóra störfuðu tveir starfsmenn á næturvakt, tveir starfsmenn á skiptum vöktum á daginn og á kvöldin, einn starfsmaður á morgunvöktum, tveir helgarstarfsmenn og einn starfsmaður sem sinnti bæði húsumsjón og næturvörslu. Í byrjun vorannar bættist þvottahúsið við rekstur heimavistar og þar starfa tveir starfsmenn. Líkt og áður unnu nokkrir íbúar á heimavistinni yfir vetrartímann. Starfið fólst í ýmis konar aðstoð við starfsmenn á vakt s.s. við að ryksuga, fylla á lagera o.s.frv. og unnu að jafnaði alls 4-6 klst. á viku.

Á árinu var ráðist í þónokkrar endurbætur. Skipt var um hitaveitugrind á nýju vist, skipt um vatnsþrýstiskiptingar og hitaveitukerfið yfirfarið. Skipt var um loftljós í þvottahúsi. Skipt var um dælu fyrir snjóbræðslu. Skipt var um rafmagnstöflu á setustofu. Nýr fataskápur settur á eitt herbergi á svítu á þriðju hæð. Í byrjun vorannar 2025 kom upp vatnstjón á gömlu vist þar sem hafði frosið í lögnum eftir mikla frostatið í jólafríinu. Í kjölfarið var farið að fódra lagnir betur upp á háalofiti til að minnka líkur á öðru slíku tjóni í framtíðinni og jafnframt að lagfæra þær skemmdir sem urðu í tjóninu. Farið var í lagfæringar á stökum herbergjum þegar færi gafst á, skipt var um parket og málað á svítu á gömlu vist. Skipt var um parket og gólf flotuð á 4 herbergjum á þriðju hæð á nýju vist og skipt um parket á tveimur svítu herbergjum á gömlu vist. Gangaljós voru endurnýjuð á 5. hæð suður og 6. hæð á nýju vist, það verkefni heldur áfram á komandi árum þar sem við þurfum að LED væða ljósinn. Á skólaárinu var farið í framkvæmdir og endurbætur á loftræstikerfi mötuneytisins, en það verkefni hófst sem sameiginlegt verkefni rekstraraðila mötuneytisins og heimavistar.

## **Kynningarmál**

Þann 30. október 2024 tókum við á mótí grunnskólanemendum úr nágretta byggðarlögum í samstarfi við námsráðgjafa skólanna líkt og verið hefur. Alls komu á annað hundrað nemendur í heimsókn og voru nokkrir íbúar á heimavistinni frá viðkomandi byggðarlagi og skóla fengnir til að taka þátt í kynningunum með starfsfólki. Þessar kynningar eru líkt og áður mjög mikilvægar fyrir starfsemina.

## **Stjórn**

Í stjórn Lundar skólaárið 2024-2025 sátu Óli Þór Jónsson stjórnarformaður, Björk Guðmundsdóttir, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Harpa Ævarsdóttir og Jóhannes Þór Hjörleifsson (fyrir hönd heimavistarráðs). Skólameistarar MA og VMA hafa seturétt án atkvæðisréttar á stjórnarfundum og sátu Karl Frimannsson skólameistari MA og Sigríður Huld skólameistari VMA fundi stjórnar.

Framkvæmdastjóri Lundar hefur einnig seturétt og sat Þóra Ragnheiður Stefánsdóttir fundi á haustönn en nýr framkvæmdastjóri Hildur Brynjarsdóttir tók til starfa í janúar 2025 og sat stjórnarfundum það sem eftir var af skólaárinu.